

Summer Concerts 2007

SIGURJÓN ÓLAFSSON
MUSEUM

Sumartónleikar 2007



Sumartónleikar

Þriðjudaginn 10. júlí kl. 20:30

Söngtríóð *Live from New York* er skipað söngvurum úr kór Metropolitan Óperunnar í New York, **Constance Green** sópran, **Ellen Lang** mezzósópran og **Irwin Reese** tenór, ásamt píanóleikaranum **Robert Rogers**. Þau flytja ameríska söngleikja- og óperutónlist ásamt afrísk-amerískum þjóðlögum.



Þriðjudaginn 17. júlí kl. 20:30

Sunna Gunnlaugsdóttir djasspíanisti, **Scott McLeMore** trommuleikari og **Þorgrímur Jónsson** bassaleikari. Tónsmíðar Sunnu, nýjar sem og áður út gefnar. Tónlist sem fellir saman þokka evrópsks djass og eldmód hins bandaríska með tónsmíðum sem höfða til fleiri en djassunnenda eingöngu.



Þriðjudaginn 24. júlí kl. 20:30

Trío Variso. **Ingibjörg Guðjónsdóttir** sópran, **Einar Jóhannesson** klarinet og **Valgerður Andrésdóttir** píanó. Tónverk eftir Sergei Rachmaninoff, Johann W. Kalliwoda, Þorkel Sigurbjörnsson, Hafliða Hallgrímsson og Franz Schubert.



Sunnudaginn 29. júlí kl. 20:30 Aukatónleikar

Söngvar kvölds og morgna. **Þóra Einarsdóttir** sópran, **Björn Jónsson** tenór og **Anna Áslaug Ragnarsdóttir** píanóleikari flytja tónverk eftir Robert Schumann, Richard Strauss og Edward Grieg.



Þriðjudaginn 31. júlí kl. 20:30

Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanó. Verk eftir Johann Sebastian Bach, Wolfgang A. Mozart, Snorri Sigfús Birgisson, Frederic Chopin og Robert Schumann.

Þriðjudaginn 7. ágúst kl 20:30

Signý Sæmundsdóttir sópran og **Gerrit Schuil** píanó. Frönsk sönglög eftir Maurice Ravel, Henri Duparc og Erik Satie.




Þriðjudaginn 14. ágúst kl. 20:30

Gunnar Kvaran selló og **Elisabet Waage** harpa. Frumflutt verður „Visions Fugitives“ eftir John Speight. Á einnisránni eru einnig Sónata eftir Antonio Vivaldi, Arpeggione Sónata eftir Franz Schubert og Vocalise eftir Sergei Rachmaninoff.



Þriðjudaginn 21. ágúst kl 20:30

Hafdís Vigfúsdóttir flauta og **Kristján Karl Bragason** píanó. Tónverk fyrir flautu og píanó eftir frönsku tónskáldin Charles-Marie Widor, Philippe Gaubert, Jean River, Olivier Messiaen, Pierre Sancan og Frederic Chopin.



Þriðjudaginn 28. ágúst kl. 20:30

Ástríður Alda Sigurðardóttir píanó. Sónata D784, op.143 í a-moll eftir Franz Schubert, Fjórar prelúdíur op. 23 eftir Sergei Rachmaninoff og Konsertetýða í Des-dúr „Un sospiro“ og Etýða nr. 6 um stef eftir Paganini, hvoru tveggja eftir Franz Liszt.

Þriðjudaginn 4. september kl. 20:30

Trío Nordica. **Auður Hafsteinsdóttir** fiðla, **Bryndís Halla Gylfadóttir** selló og **Mona Sandström** píanó. Píanótrío eftir Elfridu André, Dumky tríóð eftir Dvorak og tríó eftir Piazzolla.



Þriðjudaginn 11. september kl. 20:30

Eyjaskeggjar. **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla og **Julia MacLaine** selló. Dúó fyrir fiðlu og selló eftir Maurice Ravel, Boat People, nýtt verk eftir bandaríska tónskáldið James Blachly og frumflutningur Dúós fyrir fiðlu og selló eftir Jónas Tómasson.

Summer Concerts

Tuesday, July 10, at 20:30

Live from New York with members of the Metropolitan Opera Chorus NY, **Constance Green** soprano, **Ellen Lang** mezzo, **Irwin Reese** tenor, and pianist **Robert Rogers**. Program includes American musical theatre selections from *Brigadoon*, Kern's *Roberta* and *The Cat and the Fiddle*, *One Touch of Venus*. Also American opera selections from *Trouble in Tahiti*, and *Porgy and Bess*.

Tuesday, July 17, at 20:30

Jazz pianist **Sunna Gunnlaugs** leads a trio with **Scott McLemore** on drums and **Porggrímur Jónsson** on acoustic bass. The trio performs Sunna's compositions, old and new, which combine the elegance of the European approach with a more fiery American-sounding rhythm section, proving that jazz can have a wider appeal without losing integrity.

Tuesday, July 24, at 20:30

Trio Varioso. **Ingibjörg Guðjónsdóttir** soprano, **Einar Jóhannesson** clarinet and **Valgerður Andrésdóttir** piano. Music by Sergei Rachmaninoff, Johann W. Kalliwoda, Franz Schubert and the Icelandic composers Þorkell Sigurbjörnsson and Hafliði Hallgrímsson.

Sunday, July 29, at 20:30 Extra concert



Songs of Evenings and Mornings. **Póra Einarsdóttir** soprano, **Björn Jónsson** tenor and **Anna Áslaug Ragnarsdóttir** piano. Works by Robert Schumann, Richard Strauss and Edward Grieg.

Tuesday, July 31, at 20:30

Guðrún Dalía Salómonsdóttir piano. Compositions by Johann Sebastian Bach, Wolfgang A. Mozart, Snorri Sigfús Birgisson, Frederic Chopin and Robert Schumann.

Tuesday, August 7, at 20:30

Signý Sæmundsdóttir soprano and **Gerrit Schuil** piano. French music by Maurice Ravel, Henri Duparc and Erik Satie.

Tuesday, August 14, at 20:30

Gunnar Kvaran cello and **Elísabet Waage** harp. Premiere of 'Visions Fugitives' by John Speight. Program also includes Sonata by Antonio Vivaldi, Arpeggione Sonata by Franz Schubert and Vocalise by Sergei Rachmaninoff.

Tuesday, August 21, at 20:30

Hafdis Vigfúsdóttir flute and **Kristján Karl Bragason** piano. Music by the French composers Charles-Marie Widor, Philippe Gaubert, Jean River, Olivier Messiaen, Pierre Sancan and Frederic Chopin.

Tuesday, August 28, at 20:30



Ástriður Alda Sigurðardóttir piano. Sonata D784, op.143 in a-minor by Franz Schubert, Four Preludes op. 23 by Sergei Rachmaninoff and Concert Etude 'Un sospiro' and Grande Étude de Paganini no. 6 by Franz Liszt.

Tuesday, September 4, at 20:30

Trio Nordica. **Auður Hafsteinsdóttir** violin, **Bryndís Halla Gylfadóttir** cello and **Mona Sandström** piano. Piano trio by Elfrida André, The Dumky Trio by Dvorak and trios by Piazzolla.

Tuesday, September 11, at 20:30



The Islanders. **Hlíf Sigurjónsdóttir** violin and **Julia MacLaine** cello. Duo for violin and cello by Maurice Ravel, Boat People - a new piece by James Blachly and the premier of 'Duo for Violin and Cello' by Jónas Tómasson.

Sumartónleikar

LIVE FROM NEW YORK er söngtrío úr kór Metropolitan óperunnar ásamt píanóleikaranum Robert Rogers. Þau hafa sérhæft sig í amerískri tónlist, sérstaklega söngleikja- og óperutónlist.

CONSTANCE GREEN sópran nam við Mannes College of Music í New York borg. Hún hefur sungið fjölmörg óperuhlutverk við Metropolitan óperuna og má þar nefna: *Kátu ekkjuna*, *Manon Lescaut*, *Rigoletto* og *Turandot*. Nýlega söng hún á Wagner hátíðinni í Bayreuth í Þýskalandi.

ELLEN LANG mezzósópran er mikill Íslandsvinur og hefur haldið tónleika á Íslandi, til dæmis með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einnig hefur hún haldið námskeið í Reykjavík í söng Broadway-tónlistar. Ættir hennar liggja til Noregs og leggur hún sérstaka rækt við norræna tónlist. Ellen var söngkennari við Westminster Choir College í Princeton, áður en hún réðst til Kórs Metropolitan óperunnar. Hún syngur einnig kammer- og samtímatónlist og hefur ferðast víða um heim sem einsöngvari með hinum þekktu tónlistarhóp *Continuum*. Af nýlegum hlutverkum í Metropolitan Óperunni má nefna stórt hlutverk í óperunni *Jenúfa*.

IRWIN REESE tenór nam við Manhattan School of Music og á að baki mjög fjölbreyttan tónlistarferil. Hann hefur sungið eitt af aðalhlutverkunum í óperunni *Porgy and Bess* við Houston Grand Opera, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Hann er félagi *Songfellows* sem er afar vinsæll karlakvartett Metropolitan Óperunnar. Einnig hefur hann sungið í þekktum sjónvarpsauglýsingum vestan hafs.

ROBERT ROGERS píanóleikari nam við háskólana í Suður Florida og Illinois. Hann var m.a. kórstjóri við óperuna í Illinois og tónlistarstjóri New York Opera Ensemble. Hann starfar nú sem organisti og kórstjóri við St. Luke og St. Matthew kirkjurnar í Brooklyn, New York, auk þess sem hann starfar með þekktum söngvurum og karlakvartettinum *Songfellows*, að tónleikahaldi um gjörvöll Bandaríkin.

SUNNA GUNNLAUGS djasspíanisti og lagasmiður stundaði nám við tónlistarskóla FÍH 1988–1993 en útskrifaðist 1996 með B.M. í jazzpíanóleik frá William Paterson College í New Jersey. Hún hefur komið fram á helstu jazzhátíðum Kanada, í tíu ríkjum Bandaríkjanna og níu löndum Evrópu og einnig í Japan. Tónlist hennar hefur fengið mjög jákvæða umfjöllun í frönskum, þýskum, austurrískum og bandarískum tímaritum þar sem hún er sögð fella saman þokka evrópsks djass og eldmód hins bandaríska með tónsmíðum sem höfðu til fleiri en djassunnenda eingöngu. Hún hefur gefið út fjóra geisladíska með eigin tónsmíðum og náði sá síðasti *Live in Europe* inn á „topp 10“ lista á útvarpsstöðvum í Bandaríkjunum árið 2003 og öðru sæti í Kanada. Sunna hefur stjórnað þáttasýrpunni *Djass Gallery New York* á Rás 1 frá árinu 1998. Hún hefur þrisvar sinnum hlotið starfslaun listamanna.



SCOTT McLEMORE trommuleikari er fæddur í Virginíu í Bandaríkjunum og útskrifaðist 1997 með B.M. gráðu í jazztrommuleik frá William Paterson College í New Jersey. Hann bjó nær áratug í New York þar sem hann lék meðal annars með Sunnu Gunnlaugs, Ben Monder, Michael Kanan, Tony Malaby, Angelica Sanchez, Chris Cheek, George Colligan, Kerry Politzer, Mark Helias og Tim Berne. Scott er nú búsettur á Íslandi og hefur undanfarið leikið meðal annars með kvartett Kristjönu Stefánsdóttur, Gömmum, Elísabetu Eyþórsdóttur og kvartett Andrésar Þórs Gunnlaugssonar. Morgunblaðið sagði í gagnrýni 4. febrúar síðast liðinn „Það er mikill fengur að Scott McLeMore hér – hann er hrikalega góður trommari“. Fyrir skömmu kom út hjá Fresh Sound New Talent fyrsti geisladiskur Scotts með hans eigin tónsmíðum; *Found Music*. Scott kennir á trommur við Tónsali í Kópavogi.

ÞORGRÍMUR JÓNSSON kontrabassaleikari lauk burtfararprófi af jazzdeild FÍH vorið 2001. Næsta vetur stundaði hann klassískt nám á kontrabassa undir handleiðslu Gunnlaugs Stefánssonar í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar en kenndi jafnframt við Tónlistarskóla Árbæjar. Hann fór til framhaldsnáms við Koninklijk Conservatorium í Haag í Hollandi og lauk B.M. prófi vorið 2006. Meðal kennara voru Hein Van Der Heyn, Frans Van Der Hoeven, Uli Glassmann og Roelof Meijer. Þorgrímur kennir við tónlistarskóla Árbæjar og tónlistarskóla Garðabæjar og hefur leikið með helstu

Summer Concerts



LIVE FROM NEW YORK is a vocal trio with members of the Metropolitan Opera Chorus with piano accompaniment. The group specializes in American music, especially music connected to live theatre arts.

Soprano **CONSTANCE GREEN**, a Mannes College of Music graduate, has soloed in many Met operas: *The Merry Widow*, *Manon Lescaut*, *Rigoletto*, *Turandot* and *Dialogues of the Carmelite*, to name a few. Recently she sang at

the Bayreuth Richard Wagner Festival.

Mezzo **ELLEN LANG** has long been a friend of Iceland and has previously given concerts in Reykjavik, performing with the Iceland Symphony Orchestra among others. Of Norwegian descent, she has emphasised Scandinavian music in her repertoire. A former Associate Professor of Voice at Westminster Choir College, Ellen Lang has given recitals and sung both contemporary music and songs from Broadway musicals. In Iceland she has previously taught a series of 'how-to' masterclasses in classic Broadway singing, to great acclaim. A tour soloist with the international group *Continuum*, she has sung all over the world, and was recently heard at the Met in *Jenufa*, doing her third-act solo in this unusual opera.

Tenor **IRWIN REESE** has performed in national and international tours of *Porgy and Bess* with the Houston Grand Opera. He has also sung with *Songfellows*, a male quartet comprised of members of the Metropolitan Opera Chorus. Reese holds a degree from the Manhattan School of Music. In addition to his operatic work, he has been featured in well-known television commercials.

ROBERT ROGERS, pianist, holds degrees from the University of South Florida and the University of Illinois. Mr. Rogers has given recitals throughout the United States, Canada, and the West Indies with numerous operatic and concert stars, as well as the male quartet, *Songfellows*. He is former Music Director of the New York Opera Ensemble, and was Assistant Conductor and Chorus Master for the Illinois Opera Theater and the Lake George Opera Festival.

SUNNA GUNNLAUGS, jazz-pianist and composer, graduated in 1996 with B.M. in Jazz Studies from William Paterson College in New Jersey. She has performed in Japan, at Canada's major jazz festivals, in Europe and in the USA, meeting with critical acclaim in jazz publications where her music is said to combine 'the elegance of the European approach with a more fiery American-sounding rhythm section ... [proving] that jazz can have a wider appeal without losing integrity.' (*All About Jazz*). She has released four CDs with original compositions and her latest, *Live in Europe*, reached the top 10 on jazz radio charts in the US and the #2 spot in Canada. Sunna Gunnlaugs has been the recipient of an artist's salary in Iceland on three occasions. She has also presented an annual series of jazz programs on the Icelandic National Broadcasting Service's Channel 1 since 1998.



SCOTT McLEMORE, drummer and composer, a native of Virginia USA, graduated 1997 with B.M. in Jazz Studies from William Paterson College in New Jersey. He was active on the New York jazz scene for the next decade, performing with Sunna Gunnlaugs, Ben Monder, Michael Kanan, Tony Malaby, Angelica Sanchez, Chris Cheek, George Colligan, Mark Helias and Tim Berne, among others. McLemore has been living in Iceland since 2005 and has performed and/or recorded with the 'crème de la crème' of Icelandic jazz musicians. *Morgunblaðið* com-

mented that he was 'a great catch for the Icelandic jazz scene. He is a terrific drummer'. His first CD as a band leader, entitled *Found Music*, featuring his own compositions performed by top New York jazz musicians, was recently released by Fresh Sound New Talent. Scott McLemore teaches drums and music theory at Tónsalir in Kópavogur.

Sumartónleikar

jazzleikurum Íslands á hinum ýmsu stöðum svo sem á Jómfrúnni, í Deiglnni á Akureyri, jazz- og blúshátíðinni í Vestmannaeyjum, á jazzklúbbum Múlanum og á Jazzhátíð Reykjavíkur. Einnig hefur hann leikið inn á plötur og unnið við sjónvarp og útvarp.

INGIBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR hóf söngnám hjá Snæbjörgu Snæbjarnardóttur við Tónlistarskóla Garðabæjar. Árin 1986–90 stundaði hún framhaldsnám við Indiana University í Bandaríkjunum en einnig hefur hún notið leiðsagnar rúmönsku sópransöngkonunnar Ileanu Cotrubas. Ingibjörg hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum hér á landi og erlendis. Undanfarið hefur hún mikið flutt samtímatónlist og meðal annars tekið þátt í tveimur íslenskum óperum. Um tíma bjó hún og starfaði í Kaupmannahöfn og auk fjölbreyttra söngverkefna þar í borg stofnaði hún og stjórnaði um skeið Kvinnakór Kaupmannahafnar meðal íslenskra kvenna.



Árið 2005 kom út geisladiskurinn *Óperuariur* þar sem Ingibjörg syngur aríur eftir Mozart og Puccini með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Gerrit Schuil. Ingibjörg kennir söng við Tónlistarskóla Álftaness og stjórnar Kvinnakór Garðabæjar sem hún stofnaði árið 2000 og Stúlknakór Garðabæjar sem hóf starfsemi sína síðastliðið haust.

EINAR JÓHANNESSON lærði hjá Gunnari Egilson í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk einleikaraprófi árið 1969. Þaðan hélt hann til London og nam við The Royal College of Music hjá Bernard Walton og John McCaw og vann þar til Frederick Thurston verðlaunanna. Árið 1979 hlaut hann Sonning verðlaun ungra norrænna einleikara og hélt þá til frekara náms hjá Walter Boeykens. Einar hefur komið fram sem einleikari og hljóðritað fyrir fjölda útvarps- og sjónvarpsstöðva í Evrópu, Asíu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Hann hefur gegnt stöðu fyrsta klarinettuleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1980 og er félagi í Blásarakvinntett Reykjavíkur og Kammersveit Reykjavíkur og einnig syngur hann með sönghópnum Voces Thules. Einar hefur leikið inn á diska fyrir Merlin, BIS og Chandos útgefurnar.

VALGERÐUR ANDRÉSDÓTTIR lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1985. Hún stundaði nám við Tónlistarháskólann í Berlín þaðan sem hún lauk prófi 1992. Hún bjó í Kaupmannahöfn í nokkur ár þar sem hún starfaði við kennslu og píanóleik. Valgerður hélt sína fyrstu einleikstónleika 1990 og síðan þá hefur hún haldið fjölda einleikstónleika, kammertónleika og leikið með söngvurum. Hún hefur unnið með Caput hópnunum og leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Valgerður starfar nú við Tónlistarskólann í Hafnarfirði.



ÞÓRA EINARSDÓTTIR nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Guildhall School of Music and Drama hjá Lauru Sarti prófessor. Að loknu námi kom hún fyrst fram opinberlega við Glyndebourne Festival Opera aðeins 23 ára gömul í hlutverkinu *Mirror* í *The Second Mrs. Kong* eftir Sir Harrison Birtwistle en frumraun hennar á sviði var í *Rigoletto* í Íslensku Óperunni fimm árum áður. Auk Íslensku Óperunnar hefur hún sungið við English National Opera, Opera North í Leeds, Tónlistarleikhúsið í Malmö og Óperurnar í Lausanne, Mannheim, Nürnberg, Darmstadt og Wiesbaden. Hlutverk Þóru á óperusviði eru orðin á fjórða tug og spanna vítt svið frá Rameau til Birtwistle en þó með sérstakri áherslu á Mozart. Um þessar mundir syngur hún hlutverk *Páminu* í *Töfraflautunni* og *Íllu* í *Íðómeneó* eftir Mozart og hlutverk *Kleópötru* í óperunni *Júlíus Sesar* eftir Händel. Þóra hefur jafnframt lagt áherslu á ljóðasöng og kirkjutónlist og hefur oft komið fram á tónleikum á Íslandi og víða um Norðurlönd, einnig í Eistlandi, Þýskalandi, Belgíu, Frakklandi, Sviss, Englandi og Bandaríkjunum.

BJÖRN JÓNSSON nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og lauk síðan námi frá tónlistarháskólunum Trinity College of Music og Guildhall School of Music and Drama í London. Að útskrift lokinni sótti Björn einkatíma hjá Franco Corelli og Katiu Ricciarelli á Ítalíu. Björn kom fyrst opinberlega fram í hlutverki *Normannos* í óperunni *Lucia di Lammermoor* 25 ára gamall og hefur síðar sungið við Íslensku óperuna, óperuna í Malmö

Summer Concerts



ÞORGRÍMUR JÓNSSON, double bass player, graduated from FÍH's jazz department in Reykjavík in 2001. The following year he studied classical bass with Gunnlaugur Stefánsson at S.D.K. music school, as well as teaching at Árbær music school. Last spring he graduated with a B.M. degree from Koninklijk Conservatorium in Den Haag, Netherlands. Among his teachers were Hein Van Der Heyn, Frans Van Der Hoeven, Uli Glassmann and Roelof Meijer. Þorgrímur Jónsson teaches at the music schools in Árbær and Garðabær. He is one of Iceland's premier jazz bass players, performing and/or recording extensively all around the country.

INGIBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR began her vocal studies with Snæbjörg Snæbjarnardóttir at the Garðabær Music School and received her B.M. degree in voice performance from Indiana University. She furthered her studies with the well-known Romanian soprano Ileana Cotrubas. In addition to her career in Iceland, Guðjónsdóttir has performed in numerous concerts in Europe and the United States, with her contemporary music repertoire including new Icelandic compositions. Her CD *Operatic Arias* was released in 2005, featuring arias by Puccini and Mozart with the Iceland Symphony Orchestra, conducted by Gerrit Schuil.

Guðjónsdóttir lived in Denmark from 1995–99 and pursued a career as a soloist in addition to founding and conducting the Icelandic Women's Choir of Copenhagen. She currently teaches singing at the Álfanes Music School and conducts the Women's Choir of Garðabær which she established in 2000, as well as the Garðabær Girl's Choir, which she founded in 2006.



EINAR JÓHANNESSON studied the clarinet at the Reykjavík College of Music with Gunnar Egilson and continued his studies at The Royal College of Music in London, where he won the coveted Frederick Thurston prize. His main teachers there were Bernard Walton and John McCaw. Later he was awarded the prize for young Nordic soloists by the Sonning Foundation in Copenhagen. Mr. Jóhannesson has appeared as a soloist and chamber music player throughout Europe, Asia, America and Australia, often presenting pieces specially written for him by Icelandic composers. He is principal clarinet of the Iceland Symphony Orchestra, solo clarinetist of the Reykjavík Chamber Orchestra, and a founding member of the Reykjavík Wind Quintet. In addition, he sings with Voces Thules, a group of six male voices specializing in medieval Icelandic church music. He has recorded for the Merlin, Chandos and BIS labels.

VALGERÐUR ANDRÉSDÓTTIR received her diploma from the Reykjavík Music Conservatory in 1985 and furthered her studies at the Berlin Hochschule der Künste where she graduated in 1992. She lived in Copenhagen for a while, where she taught piano as well as performing. Since her return to Iceland in 1996 she has given several solo recitals, performed with singers and various chamber ensembles, as well as being a member of the Iceland Symphony Orchestra. She teaches piano at the Hafnarfjörður Music School.



ÞÓRA EINARSDÓTTIR studied at the Reykjavík School of Singing with Ólöf Kolbrún Harðardóttir and at the Guildhall School of Music and Drama with Professor Laura Sarti. Her international debut was at age 23 with the Glyndebourne Festival Opera in the role of *Mirror* in *The Second Mrs. Kong* by Sir Harrison Birtwistle, but her national opera debut was five years earlier in *Rigoletto* with the Icelandic Opera. She has performed with the English National Opera, the Opera North in Leeds, the Malmö Opera and the Operas in Lausanne, Mannheim, Nürnberg, Darmstadt and Wiesbaden. Einarisdóttir's vast variety of roles include operas from Rameau to Birtwistle with special emphasis on Mozart operas. Her most recent roles are *Pamina* in *The Magic Flute*, *Ilia* in *Idomeneo* by Mozart and *Cleopatra* in Händel's *Giulio Cesare*. Einarisdóttir is active as a concert soloist and performer of church music.

Sumartónleikar

og við sumaróperurnar í Desenzano á Ítalíu og Zwingenberg í Þýskalandi. Jafnframt óperusöng hefur Björn komið fram sem einsöngvari í kirkju- legum verkum meðal annars með Kór Langholts- kirkju og Bach-kórnum í Osló. Hann hefur einn- ig sungið á hefðbundum tónleikum víða, meðal annars Palau de Musica í Barcelóna.

Björn býr í Reykjavík og í Wiesbaden í Þýska- landi og leggur stund á rannsóknir á rekstri og stjórnun óperuhúsa og hefur birt greinar í íslensk dagblöð og tímarit um viðskipti og efnahagsmál.



ANNA ÁSLAUG RAGNARSDÓTTIR hóf tónlistarnám sitt við Tónlistarskóla Ísafjarðar og nam síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík. Að loknu einleik- araprófi þar fór hún til framhaldsnáms til Bretlands, Ítalíu og Þýskalands. Anna Áslaug hefur komið fram sem píanóleikari í ýmsum löndum Evrópu og Ameríku. Á Íslandi hefur hún oft leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, haldið einleikstónleika víðs vegar um landið, meðal annars á vegum Myrkra músíkdaga, Norrænna Músíkdaga, Tíbrár og Tónlistarfélaganna í Reykjavík, Ísafirði og Akureyri. Hún hefur leikið inn á upptökur fyrir Ríkisútvarpið og Sjónvarpið. Íslensk Tónverkamiðstöð hefur gefið út hljómplötu þar sem hún leikur verk íslenskra höfunda. Á síðari árum hefur hún einnig verið meðleikari með ljóðasöng og kammertónlist og m.a. komið fram með Kammermúsík- klúbbum í Reykjavík. Anna Áslaug er búsett í München og Reykjavík.

GUÐRÚN DALÍA SALÓMONSDÓTTIR hóf píanónám 9 ára gömul hjá Steinunni Steindórsdóttur í Tónmenntaskólanum í Reykjavík og nam síðar við Tónlist- arskólann í Reykjavík undir handleiðslu Guðríðar St. Sigurðardóttur. Ásamt píanónáminu lærði hún í nokkur ár á slagverk í Tónlistarskóla FÍH. Árið 2003 fékk Guðrún Dalía Erasmus styrk til að stunda nám hjá Wan Ing Ong við Staatliche Hochschule für Musik und darstellende Kunst í Stuttgart. Að skipti- árinu loknu hélt hún áfram námi við sama skóla og stefnir á að ljúka prófi í júní í sumar.

Guðrún Dalía hefur leikið á ýmsum námskeiðum, m.a. hjá Thérèse Dussaut, Diane Andersen, Thomas Böckeler, Klaus Kaufmann og Shoshönu Rud- iakov. Í nóvember síðastliðnum vann hún til fyrstu verðlauna í píanókeppni EPTA í Salnum í Kópavogi. Á undanförnum árum hefur Guðrún Dalía leikið á fjölmörgum tónleikum á Íslandi og í Þýskalandi, bæði sem einleik- ari, í píanódúói og ýmsum kammerhópum, m.a. Kammersveitinni Ísafold. Á þessu ári hefur hún haldið tvenna einleikstónleika í Stuttgart, en tónleik- arnir í Listasafni Sigurjóns eru fyrstu einleikstónleikar hennar hér á landi.

SIGNÝ SÆMUNSDÓTTIR lærði fiðluleik og söng í Kópavogi og Reykjavík og stundaði síðan framhaldsnám í söng við tónlistarháskólann í Vín. Þar lagði hún jöfnum höndum stund á óperu-, ljóða- og kirkjutónlist. Helstu kenn- arar hennar voru Helene Karusso og Erik Werba.

Signý hefur skapað sér sess í íslensku tónlistarlífi þar sem hún hefur tekið þátt í óperuuppfærslum Íslensku Óperunnar og Þjóðleikhússins. Hún hef- ur frumflutt íslenska óperutónlist, m.a. *Tunglskinseyjuna* eftir Atla Heimi Sveinsson í Peking 1997. Signý hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur og haldið fjölda einsöngstónleika. Hún syngur oft samtímatónlist, þar á meðal ýmis verk sem sérstaklega hafa verið samin fyrir hana. Signý hefur verið gestur á fjölmörgum tónlistarhátíðum, hérlandis og erlendis.

GERRIT SCHUIL er fæddur í Hollandi. Hann nam við Tónlistarháskólann í Rotterdam og síðar í London og París. Árið 1978 tók Gerrit þátt í alþjóð- legu námskeiði fyrir hljómsveitarstjóra hjá rússneska hljómsveitarstjóranum Kirill Kondrashin og naut þess heiðurs að vera eini nemandi hans síðustu ár hans.

Gerrit hefur leikið á tónleikum víða um Evrópu, Bandaríkin og í Asíu, tekið þátt í hátíðum og unnið með fjölda söngvara og hljóðfæraleikara. Hann hefur einnig stjórnað mörgum evrópskum og amerískum hljómsveitum bæði á tónleikum og í óperuuppfærsl- um, m.a. hljómsveitum hollenska útvarpsins sem voru einnig hljómsveitir hollensku ríkisóperunnar. Frá 1992 hefur Gerrit búið á Íslandi og verið leið- andi í tónlistarlífi þjóðarinnar bæði sem píanóleikari og stjórnandi m.a. Sinfóníuhljómsveitar Íslands og



Summer Concerts

She has given recitals in Iceland and Scandinavia and also in Estonia, Germany, Belgium, France, Switzerland, England and the USA.

BJÖRN JÓNSSON studied at the Reykjavík School of Singing with Ólöf Kolbrún Harðardóttir and graduated from the Trinity College of Music and the Guildhall School of Music and Drama in London. He furthered his studies with Franco Corelli and Katia Ricciarelli in Italy. Jónsson made his debut in the role of *Normanno* in *Lucia di Lammermoor* at the age of 25. Since then, he has appeared with the Icelandic Opera, the Malmö Opera and the summer festivals in Desenzano in Italy and Zwingenberg in Germany.

Jónsson also performs concert repertoire, recently gave a concert in Palau de Musica in Barcelona, and sings sacred music, e.g. with the Langholtskirkja Church Choir and The Oslo Bach Choir.

Presently Björn lives in Reykjavík and Wiesbaden, where he is conducting research on management and leadership in opera houses. He has published articles on the subject in Icelandic newspapers.



ANNA ÁSLAUG RAGNARSDÓTTIR began her studies at the Music School in Ísafjörður, her home town in Iceland, and later moved on to the Reykjavík College of Music. After finishing her diploma in Iceland she furthered her studies in the UK, Italy and Germany. Ragnarsdóttir has performed in various countries in Europe and America.

In Iceland alone she has appeared as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra several times and played numerous recitals all around the country. She has recorded for the Icelandic National Broadcasting Service and the Iceland Music Information Centre, and has released a CD where she performs works by Icelandic composers. She lives in Munich and Reykjavík.



GUÐRÚN DALÍA SALÓMONSDÓTTIR began piano studies in Reykjavík at the age of nine with Steinunn Steindórsdóttir and Guðríður St. Sigurðardóttir. In 2003 she received an Erasmus scholarship to study one year at Staatliche Hochschule für Musik und darstellende Kunst Stuttgart, where Wan Ing Ong was her teacher. She continued studying at the same school and will graduate in June 2007.

Salómons dóttir has performed in masterclasses for Thérèse Dussaut, Diane Andersen, Thomas Böckeler, Klaus Kaufmann and Shoshana Rudiakov. In November 2006, she won first prize in Iceland's EPTA competition. She has given concerts in Iceland and Germany, both as a soloist, in piano duos and with various chamber groups. This year she has already given two solo concerts in Stuttgart. The concert in the Sigurjón Ólafsson Museum is her first solo concert in Iceland.



SIGNÝ SÆMUNSDÓTTIR studied violin and singing in Reykjavík and Kópavogur and furthered her singing studies at the Vienna Hochschule für Musik with emphasis on Opera, Lied, and Church music. Her teachers were, among others, Helene Karusso and Erik Werba.

Ms. Sæmundsdóttir has performed in operas at the Icelandic Opera House and the National Theatre. She sang the lead role in the opera *Moonlight Island* by Atli Heimir Sveinsson at its premiere in Peking in 1997. She has been a soloist with the Iceland Symphony Orchestra

and Reykjavík Chamber Orchestra, performed for radio and television, and recorded CDs. Contemporary music is a large part of Sæmundsdóttir's repertoire, some of which has been composed specifically for her. She is frequently a guest artist at music festivals both in Iceland and abroad.

Born in The Netherlands, **GERRIT SCHUIL** graduated from the Rotterdam Conservatory and studied with John Lill and Gerald Moore in London and Vlado Perlemuter in Paris. He has played concerts throughout Europe, the USA and Asia, appeared at several international festivals, and performed with numerous singers and instrumentalists.

Sumartónleikar

Íslensku óperunnar. Þá hefur hann stýrt tónlistarhátíðum og leikið með mörgum af bestu tónlistarmönnum landsins á geisladiska. Árið 2000 hóf Gerrit samstarf við Lichtenberger Institut fyrir söng og hljóðfæraleik í Þýskalandi. Hann er einnig kennari hjá Listaháskóla Íslands og Nýja söngskólanum „Hjartansmál“.

GUNNAR KVARAN kennir við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands og við Tónlistarskólann í Reykjavík. Auk fastra starfa heldur hann mjög oft tónleika bæði hér heima og erlendis og hefur komið fram á einleiks- og kammertónleikum í mörgum löndum Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Af einstökum stöðum má nefna Wigmore Hall í London, Carnegie Hall í New York og Beethoven Haus í Bonn. Gunnar hefur oft leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, komið fram í útvarpi og sjónvarpi og allmargar hljómplötur og diskar hafa verið gefnir út með leik hans. Árið 1990 hlaut hann verðlaun úr sjóði Dr. Gunnars Thoroddsen fyrir tónlistarstörf og hann var valinn bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 1996. Mörg undanfarin sumur hefur hann, ásamt Guðnýju konu sinni, verið gestur á ýmsum tónlistarhátíðum í Bandaríkjunum.

ELÍSABET WAAGE stundaði nám í píanó- og hörpuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk píanókennaraprófi 1982. Þá hélt hún til framhaldsnáms í hörpuleik við Konunglega Tónlistarskólann í Haag í Hollandi og lauk þaðan einleikara- og kennaraprófi 1987 undir leiðsögn hins þekkta hörpuleikara Edward Witsenburg.

Að loknu námi bjó og starfaði Elísabet í Hollandi, en var þó títt hér heima og hélt tónleika í báðum þessum löndum og einnig víða um Evrópu. Hún hefur meðal annars leikið með Kammersveit Reykjavíkur, Caput-hópnum og verið gestur Cikada kammersveitarinnar í Noregi og leikið í sinfóníuhljómsveitum, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands og Noord-Nederlands Orkest í Hollandi. Þá hefur hún komið fram sem einleikari og leikið fyrir upptökur í útvarp, sjónvarp og geisladiska. Elísabet Waage hefur verið hörpukennari við Tónlistarskóla Kópavogs síðan haustið 2002.



Gunnar og Elísabet hafa starfað saman um langa hríð og reglulega nú síðustu 5 árin. Þau gáfu út geisladisk með ýmsum perlum, meðal annars Schubert Arpeggione sönötunni og Svaninum eftir Saint-Saëns. Zonet gaf diskinn út í september 2004.

HAFDÍS VIGFÚSDÓTTIR lærði á flautu hjá Guðrúnu Birgisdóttur í Tónlistarskóla Kópavogs og tók þaðan burtfararpróf haustið 2002. Þá hóf hún nám við tónlistardeild Listaháskóla Íslands hjá Martial Nardeau, þaðan sem hún lauk B.Mus. prófi vorið 2005. Næsta vetur lærði Hafdís hjá Patrick Gallois í École National de Musique d'Aulnay Sous-Bois, í nágrenni Parísar. Frá hausti 2006 hefur Hafdís stundað nám í Conservatoire National de Région (CNR) de Rueil-Malmaison hjá Philippe Pierlot, en hann er fyrsti flautuleikari í Orchestre National de France. Hafdís hefur einnig sótt námskeið og einkatíma í Englandi, Ítalíu, Frakklandi, Þýskalandi, Tékklandi og á Íslandi. Hafdís kom fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands í janúar 2005 eftir að hafa unnið til þess í samkeppni ungra einleikara.

KRISTJÁN KARL BRAGASON hóf píanónám hjá Lydiu Koloszowska í Tónlistarskólanum á Dalvík og nam síðar hjá prófessor Mareks Podhajski við Tónlistarskólann á Akureyri. Að námi þar loknu 2002, lærði hann hjá Halldóri Haraldssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og var einnig í kammerhópum í Listaháskóla Íslands undir leiðsögn Gunnars Kvaran. Sumarið 2005 var Kristján Erasmus-skiptinemi við Staatliche Hochschule für Musik í Stuttgart hjá prófessor Shoshana Rudiakov og hóf þá um haustið nám við Conservatoire Nationale de Région de Versailles hjá Eddu Erlendsdóttur. Kristján hefur sótt fjölda námskeiða, meðal annars hjá Diane Andersen, Jean-Claude Pennetier og Abdel Rahman El-Bacha. Hann hefur tekið þátt í nokkrum píanókeppnum erlendis jafnt sem heima fyrir og árið 2000 hlaut hann fyrstu verðlaun í framhaldsflokki í fyrstu píanókeppni Íslandsdeildar EPTA.

Summer Concerts

In 1978 Schuil took part in the International Conductor's Course held by the Dutch Radio Corporation and became one of eight finalists out of 150 to study with the Russian conductor Kirill Kondrashin. Besides having a very active conducting career for Dutch Radio and at the National Opera, he has conducted orchestras in numerous other countries in Europe and the USA.

Mr. Schuil moved to Reykjavík in the early 1990s and quickly became a leading figure in Iceland's music life, playing numerous concerts as a pianist and conducting the Icelandic Symphony Orchestra and the Icelandic Opera. He has organised several festivals with national and international musicians and recorded a number of CDs with the country's best singers and instrumentalists.

GUNNAR KVARAN teaches in the Department of Music at the Iceland Academy of the Arts and the Reykjavík College of Music. He also performs extensively in Iceland and abroad, giving solo recitals and chamber music concerts in many European countries, the USA and Canada, e.g. in Wigmore Hall in London, Carnegie Hall in New York and Beethoven Haus in Bonn. Mr. Kvaran has often performed with the Iceland Symphony Orchestra and made numerous recordings for radio and television. He has also released numerous LPs and CDs. In 1990 he was awarded the G. Thoroddsen prize for his contribution to musical life in Iceland and in 1996 he was nominated *Artist of the Year* of his town of residence, Seltjarnarnes. In the last few years he has been invited to perform at several summer music festivals in the USA, along with his wife, violinist Guðný Guðmundsdóttir.

ELÍSBET WAAGE studied piano and harp at the Reykjavík College of Music. After obtaining her piano teacher's diploma she studied with the distinguished harpist Professor Edward Witsenburg at the Royal Conservatory in Hague, graduating with diplomas as a harp teacher and a performer.

Elisabet Waage has performed widely in Europe, especially in Iceland and The Netherlands where she has resided for many years. She performs frequently with orchestras, such as the Iceland Symphony Orchestra and Noord-Nederlands Orkest.

Chamber music makes up a large part of Waage's work and she plays with the Reykjavík Chamber Orchestra and the Caput ensemble in Iceland on a regular basis. She has also appeared with the Cikada Ensemble in Norway. She has been featured on several CDs and recorded for the Icelandic National Broadcasting Service, e.g. as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra. She teaches harp at the Kópavogur Music School.

Kvaran and Waage have worked together since 1994, quite actively in the last five years. They produced a CD in 2004 which was released by Zonet, containing Schubert's *Arpeggione Sonata* and the Saint-Saëns *The Swan*, among others.

HAFDÍS VIGFÚSDÓTTIR studied the flute with Guðrún Birgisdóttir at the Kópavogur Music School, graduating in 2002. She continued her studies at the Iceland Academy of the Arts under the guidance of Martial Nardeau and graduated with a B. Mus. degree in the spring of 2005. The following winter Vigfúsdóttir studied with Patrick Gallois at École National de Musique d'Aulnay Sous-Bois near Paris. Since fall 2006 Vigfúsdóttir has been a student at CNR de Rueil-Malmaison with Philippe Pierlot. She has attended masterclasses and taken private lessons in England, Italy, France, Germany, the Czech Republic and in Iceland. In January 2005 Vigfúsdóttir performed as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra, earned as a prize in a young soloist competition in Iceland.



KRISTJÁN KARL BRAGASON studied piano with Lydia Koloszowska at the Dalvík Music School and Professor Marek Podhajski at the Akureyri Music School, both in North Iceland. After graduating in 2002 he studied with Halldór Haraldsson at the Reykjavík College of Music as well as attending chamber music

Sumartónleikar

ÁSTRÍÐUR ALDA SIGURÐARDÓTTIR hóf nám í píanóleik 6 ára gömul hjá móður sinni, Guðrínu Guðmundsdóttur. Vorið 1999 lauk hún einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Önnu Þorgrímsdóttur. Á árunum 2000–2003 stundaði hún nám hjá Reiko Neriki við Indiana University og lauk þar Artist Diploma.

Ástríður hefur sótt fjölda námskeiða, kammermúsík-tíma og einkatíma í píanóleik í Bandaríkjunum og Evrópu hjá listamönnum á borð við György Sebök, Ludwig Hoffmann, Janos Starker, Jürgen Schröder og Olaf Dressler. Hún hefur komið víða fram á tónleikum, ýmist sem einleikari eða með öðrum tónlistarmönnum. Hún hefur komið fram á Listahátíð í Reykjavík, TÍBRÁ og Björtum Dögum. Þá hefur hún komið fram sem einleikari með Internationales Jugendsinfonie-orchester Elbe-Weser í Þýskalandi, með Sinfóníuhljómsveit Íslands og með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.



AUÐUR HAFSTEINSDÓTTIR stundaði framhaldsnám við New England Conservatory í Boston og University of Minnesota þaðan sem hún lauk Master of Music gráðu árið 1991. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir leik sinn, t.d. C.D. Jackson verðlaunin á Tanglewood tónlistarhátíðinni 1985 og fyrstu verðlaun í The Schubert Club Soloist Competition í Minneapolis 1988. Árið 1991 var hún valin borgarlistamaður Reykjavíkur til þriggja ára og þremur árum síðar hlaut hún listamannalaun, einnig til þriggja ára. Hún var valin bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2005. Auður hefur komið víða fram sem einleikari og í kammermúsík á alþjóðlegum vettvangi og tekið þátt í tónlistarhátíðum, m.a. í Bandaríkjunum, Kanada, á meginlandi Evrópu, Japan og Kína. Auður hefur leikið inn á fjölda geisladiska fyrir innlend og erlend útgáfufyrirtæki. Hún kennir fiðluleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

BRYNDÍS HALLA GYLFADÓTTIR lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1984 undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Eftir það hélt hún til náms við New England Conservatory í Boston þar sem kennarar hennar voru Lawrence Lesser og Colin Carr. Hún lauk þar Meistaránámi árið 1989. Ári síðar tók Bryndís Halla við leiðandi stöðu sellóleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir því starfi nú. Hún hefur verið virkur þátttakandi í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár, jafnt sem einleikari og í kammertónlist. Hún hefur leikið inn á fjölda geisladiska. Auk þess að leika á tónleikum hér á landi spilar Bryndís Halla reglulega á tónleikum bæði í Evrópu og Asíu.

MONA SANDSTRÖM er fædd í Svíþjóð og kom fyrst fram sem einleikari með Norrköping sinfóníuhljómsveitinni aðeins 12 ára gömul. Árið 1987 lauk hún einleikaraprófi með hæstu einkunn frá Sibeliusarakademíunni í Helsinki. Hún hefur leikið einleik með mörgum af helstu hljómsveitum í Svíþjóð, haldið einleikstónleika og tekið þátt í kammermúsík víða um Evrópu. Hún hefur oft leikið fyrir útvarp og sjónvarp og hljóðupptökur. Mona starfar sem píanóleikari með kammerhljómsveitinni í Sundsvall.

TRIO NORDICA var stofnað árið 1993 og hefur leikið víðs vegar í Evrópu og Bandaríkjunum þar á meðal í Skandinavíu, Englandi, Frakklandi, Ítalíu og á Íslandi. Auk þess að leika helstu verk fyrir píanótrío leitast *Trio Nordica* við að flytja verk eftir kventónskáld og tónskáld samtímans.

HLÍF SIGURJÓNSDÓTTIR fiðluleikari stundaði framhaldsnám við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff og sótti síðar tíma til Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum, kammer-sveitum og minni hópum í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Frá nýliðnum árum má nefna tónleika í Weill sal Carnegie Hall í



Summer Concerts

lessons at the Iceland Academy of the Arts under the guidance of Gunnar Kvaran. After a summer semester in 2005 with professor Shoshana Rudnik at the Staatliche Hochschule für Musik in Stuttgart he enrolled in the CNR de Versailles with Edda Erlendsdóttir as his teacher. Bragason has attended masterclasses with Diane Andersen, Jean-Claude Penner, Abdel Rahman El-Bacha and many others. He has participated in several piano competitions, both in Iceland and abroad. In 2000 he won a first prize in the first EPTA Piano Competition in Iceland.

ÁSTRÍÐUR ALDA SIGURÐARDÓTTIR began playing the piano at the age of six under the guidance of her mother, Guðrún Guðmundsdóttir. She studied at the Reykjavík College of Music with Anna Þorgrímsdóttir and graduated in 1999 with a Soloist Diploma. She continued her studies with Reiko Neriki at Indiana University and received an Artists' Diploma in 2003.

Sigurðardóttir has attended various master classes, chamber music classes and private lessons in the USA and Europe, with artists such as György Sebök, Ludwig Hoffmann, Janos Starker, Jürgen Schröder and Olaf Dressler. She has performed widely in Iceland, both as a soloist and with other musicians. She has appeared at the Reykjavík Arts Festival, TÍBRÁ and Bjartir dagar. Sigurðardóttir has performed as a soloist with the Internationales Jugendsinfonie-orchester Elbe-Weser in Germany, the Icelandic Amateur Orchestra and the Iceland Symphony Orchestra.

Violinist **AUÐUR HAFSTEINSDÓTTIR** holds a B.M. degree from New England Conservatory in Boston and a Master of Music degree from the University of Minnesota. Her teachers there were the internationally renowned Almita and Roland Vamos. In 1985 she received the C. D. Jackson award for outstanding string player at the Tanglewood International Music Festival and in 1988 the first prize at the Schubert Club music competition. She has been named *Artist of the Year for the City of Reykjavík*, *Artist of the Year* in the municipality of Seltjarnarnes, and she has received an *Artist's Salary* for three years from the Ministry of Education, Science and Culture in Iceland.

Hafsteinsdóttir has frequently performed as a soloist and chamber musician in Europe, America, Japan, and China. She records regularly for radio and television and has appeared on various CDs. She teaches the violin at the Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts.



Principal cellist of the Iceland Symphony Orchestra **BRYNDÍS HALLA GYLFAÐÓTTIR** studied with Gunnar Kvaran at the Reykjavík College of Music and at the New England Conservatory in Boston with Colin Carr and Laurence Lesser. Since

completing her Master's degree in 1989 she has performed as a soloist and chamber musician in Europe, especially in Iceland, the USA, Canada and Japan. Gylfadóttir performs contemporary music extensively, records for radio and television, and has appeared on several CDs. In 1993 she was awarded an *Artist's Salary* for three years from the Ministry of Education, Science and Culture in Iceland.

Since her first solo performance with the Norrköping Symphony at the age of twelve, the Swedish-born pianist **Mona Sandström** has performed extensively as soloist and chamber musician throughout Europe. In 1987 she graduated with highest honours from the Sibelius Music Academy in Finland. She has performed as a soloist with many of the leading orchestras in Sweden and has made several recordings.

Sumartónleikar

New York og í Washington borg, í röðinni The Embassy Series. Nýútkominn geisladiskur hennar og Hjörleifs Valssonar; *44 Duos* eftir Béla Bartók hefur hlotið frábæra umsögn tónlistargagnrýnenda. Hlíf kennir einkanemum í New York borg og í Reykjavík.

Kanadíski sellóleikarinn **Julia MacLane** hefur lokið B.M prófi í sellóleik frá McGill háskólanum í Montreal og meistaraþráðu frá Juilliard tónlistarskólanum í New York borg. Í sumar lýkur hún framhaldsnámi frá Mannes College of Music hjá sellóleikaranum Timothy Eddy. Julia hefur komið fram sem einleikari og með kammerhópum í Kanada, Bandaríkjunum, Argentínu og í Evrópu. Í fyrra lék hún konsert fyrir fiðlu og selló eftir J. Brahms í Montreal í Kanada og lauk einnig við að hljóðrita öll sellóverk ástralska tónskáldsins Katia Tiutiunnik.

Júlía leikur jöfnum höndum nútímaverk og eldri tónlist og telur mikilvægt að leika ný tónverk með klassískum verkum, og – á sama hátt – að mikilvægi klassískra verka gleymist ekki fyrir nútímaverkum.



Sigurjón Ólafsson (1908–1982)

Sigurjón Ólafsson (1908–1982) has been named one of his century's most important portrait sculptors but he also developed a personal abstract style. As an experimental sculptor he brought both classical schooling and artistic insight to a variety of materials from clay and plaster to wood, metal, stone and concrete and his versatility has inspired younger generations of Icelandic artists. His works are found in museums and private collections in Iceland, Denmark, Sweden, Italy and the United States.

As one of the leading artists of Iceland, he was entrusted with numerous challenging commissions, among them a 90 m long relief at the Búrfell Hydroelectric Station. He leaves eighteen public monuments in Reykjavík alone, Throne Pillars by the Höfði House and Emblem of Iceland being the best known.

The Sigurjón Ólafsson Museum exhibits works by Ólafsson. It is situated by the seafront on the historical Laugarnes peninsula. From the centre of Reykjavík there is a 30 minutes easy walk along the shore. The cafeteria is open during museum hours and after the summer concerts.

Summer Concerts

Formed in 1993, **TRIO NORDICA** has performed in Iceland, Sweden, Denmark, France, Italy, Germany, the United States and Canada, and has been invited to various festivals in Scandinavia and North America. In 1994, the trio was awarded the VISA Annual Culture Grant. Trio Nordica places emphasis on performing works by female composers as well as contemporary piano trios.

HLÍF SIGURJÓNSDÓTTIR furthered her violin studies at the Universities of Indiana and Toronto, and at the Banff School of Fine Arts. Later she took private lessons with the renowned violinist and teacher Gerald Beal in New York. During her studies, she was fortunate enough to work with many of the leading musicians of the twentieth century, such as William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci and Igor Oistrach. Sigurjónsdóttir has performed numerous concerts, as a soloist or with groups and symphony orchestras. Recent concert sites include Weill Hall at Carnegie Hall in New York, and Washington DC as a part of the Embassy Series. Her recent CD of Béla Bartók's 44 Duos (with violinist Valsson) has received excellent reviews, e.g. from the classical music critic at the *Washington Post*. Sigurjónsdóttir is sought after as a teacher and gives private lessons in Iceland and New York.

Canadian cellist **JULIA MACLAINE** has appeared as a soloist and chamber musician throughout Canada, the United States, Europe, and Argentina. She is devoted to performing new compositions as well as traditional repertoire, with the belief that new music should be included in the classical canon, and that classical works should be treated with the same importance as newly discovered works. In 2006, Ms. MacLaine performed Brahms' Double Concerto in Montreal and finished recording the complete works for solo cello by Australian composer Katia Tiutiunnik. Ms. MacLaine holds a Master of Music degree from the Juilliard School and a Bachelor of Music degree from McGill University in Montreal. She is currently a Professional Studies Diploma candidate at Mannes College of Music where she studies with Timothy Eddy.

TÓNLISTAR-
SJÓÐUR

GLITNIR




Landsvirkjun er bakhjarl Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
2007 og 2008

SIGURJÓN ÓLAFSSON MUSEUM

LAUGARNESTANGI 70,
IS-105 REYKJAVÍK, ICELAND
TEL: (+354) 553-2906
WWW.LSO.IS
LSO@LSO.IS

HOW TO GET THERE



+64 9' 11.16", -21 53' 14.28"



Prentun: Hjá Guðjónó

June 1. – September 30.
Open daily: 14–17 except Mondays

October 1. – May 31.
Open Saturdays and Sundays: 14–17

Closed in December and January

1. júní – 30. september
Opið daglega nema mánudaga 14–17

1. október – 31. maí
Opið laugardaga og sunnudaga 14–17

Lokað í desember og janúar